



TÍMARIT

1. tbl - 8. árgangur - 2009 - ISSN 1670-7664

KRISTILEGS FÉLAGS HEILBRIGÐISSTÉTTA



Frá ritstjórn

Líklegt má telja að sjaldan hafi verið jafnmikilvægt að styrkja grundvöll heilbrigðisþjónustunnar og einmitt nú. Grundvöllurinn er mannúð og lífsgildi kristinnar trúar sem birtist í skipulagi, samskiptum og öllum ákvörðunum. Kristilegt félag heilbrigðisstétta er vettvangur kristinnar hugsjónar í heilbrigðisþjónustu. Það er von okkar að tímarit félagsins varpi ljósi á mikilvæga þætti hugsjónarinnar og efi þekkingu og innsýn okkar allra.

Undirbúningur útgáfunnar nú hófst haustið 2008. Í ritstjórn áttu sæti Vigdís Magnúsdóttir, Margrét Hróbjartsdóttir og Helga Bragadóttir auk undirritaðrar. Vigdís féll frá í apríl síðastliðnum og sökunum við hennar góðu nærveru og hugmynda og ekki síst lærdómsins sem hún miðlaði af áhuga og gleði. Ritstjórn er afar þakklát fyrir samstarfið við Vigdísu að undirbúningi útgáfu þessa tímarits. Framlag Vigdísar til alls starfs KFH er einstakt og dýrmætt.

Ritstjórn var sönn ánægja að vinna að útgáfu tímaritsins og færir höfundum efnis bestu þakki. Lesendum óskum við blessunar í leik og starfi og vonum að efni blaðsins miðli fróðleik og hugmyndum sem treysta grundvöll okkar, trúna á Jesú Krist.

Fyrir hönd ritstjórnar KFH

Sigrún Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

Frá ritstjórn	2
Ávarp frá formanni KFH	3
Minning	4
Samskipti og samfélag við Guð og menn - Margrét Hróbjartsdóttir	5
Sjúkur var ég og þér vitjuðu mín - Sigfinnur Þorleifsson	6
Þjónandi forysta og samskipti í heilbrigðisþjónustunni - Sigrún Gunnarsdóttir	7
Kristilegt félag hjúkrunarkvenna 1953–1962 - Vigdís Magnúsdóttir og Sigrún Gunnarsdóttir	10
Bænabæklingur KFH - Jóhann Guðmundsson og Lára Vigfúsdóttir	12
Bænir Magneu Þorkelsdóttur – Rannveig Sigurbjörnsdóttir	13
Kyrrðardagar í Skálholti 2010	12
Hugleiðing frá nýjum félaga í KFH - Lilja Þórunn Þorgeirsdóttir	14
Styrktarsjóður KFH	14
Myndir frá afmælishátíð KFH í mars 2008	15

Verið ávallt glöð í Drottni. Ég segi aftur: Verið glöð. Ljúflyndi ykkar verði kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd. Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú. Filippibréfið, 4. 4. -7.

Tímarit kristilegs félags heilbrigðisstétta

Útgefandi:

Kristlegt félag heilbrigðisstétta

Ábyrgðarmaður:

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

Forsíðumynd:

Frá Þingvöllum

Ljósmyndari Marinus Schmitz

1. tölublað – 8. árgangur 2009

ISSN 1670-7664

Prentvinnsla:

Leturprent ehf / Björgvin Óskarsson

Stjórn KFH:

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

Anna Ólafía Sigurðardóttir

Bergþóra Baldursdóttir

Jón Jóhannsson

Lilja Þórunn Þorgeirsdóttir

Margrét Hróbjartsdóttir

Sigrún Gunnarsdóttir

Ávarp frá formanni KFH



Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

Á síðasta starfsári KFH var þeim áfanga náð í starfsemi félagsins að endurvekja útgáfu tímarits KFH eftir nokkurt hlé. Mikil ánægja er innan stjórnar og meðal félagsfólks að því markmiði hafi verið náð og að tímarit KFH hafi aftur litið dagsins ljós. Stjórn KFH telur því mjög mikilvægt að haldið sé áfram á þeirri braut og að útgáfa tímaritsins sé eitt af forgangsverkefnum félagsins. Í tímaritinu hefur félagið möguleika á að kynna starf sitt, hvetja til umræðu um mismunandi þætti í starfsemi heilbrigðisþjónustunnar, vera vettvangur fyrir faglega uppbyggingu og vekja athygli á gildi kristinnar trúar og lífssýnar.

Stjórn KFH ákvað því, þrátt fyrir þá efnahagsörðugleika sem staðið er frammi fyrir í íslensku samfélagi, að leita allra leiða til þess að hægt yrði að halda áfram með útgáfu tímarits félagsins. Það er því stjórninni sérstök ánægju að ritstjórn skuli hafa tekist það verkefni.

Efni blaðsins leggur m.a. áherslu á samskipti og mikilvægi þess að samskipti séu byggð á heiðarlegum og traustum grunni. Kristin lífssýn hefur margt um samskipti að segja og í raun fjallar hún meira og minna um samskipti og tengsl. Í kristinni trú er áhersla lögð á samskiptin við Guð og hvernig þau samskipti eiga að móta viðmót og alla nálgun í lífi og starfi hvers manneskju.

Stjórn KFH þakkar af alhug ritstjóra, ritnefnd sem og öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til blaðsins fyrir þeirra framlag og miklu vinnu. Það er einlæg von stjórnar að tímaritið megi verða lesendum þess til uppörvunar og uppbyggingar.

Fyrir hönd stjórnar KFH

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir,
formaður KFH



Að gerast félagi í Kristilegu félagi heilbrigðisstétta

Nýir félagar eru boðnir hjartanlega velkomnir í Kristilegt félag heilbrigðisstétta. Félagsumsóknir er unnt að senda rafrænt á netfangið: bergbald@lsh.is eða í pósti stílað á: Bergþóru Baldursdóttur, Heiðvangi 72, 220 Hafnarfirði.

Í umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang.



vistor



Minning



Vigdís Magnúsdóttir

f. 19. febrúar 1931

d. 26. apríl 2009

„Þakkið Drottni því að hann er góður, því að miskunn hans varir að eilífu“. Þessi orð úr Davíðssálmum eru okkur félagsfólki í Kristilegu félagi heilbrigðisstétta (KFH) ofarlega í huga er við kveðjum Vigdís Magnúsdóttur, varaformann félagsins og fyrrum formann um árabíl. Kristilegt félag heilbrigðisstétta og starf á þess vegum var Vigdís afar hugleikið og hugsjón hennar. Á vettvangi félagsins vann hún ótrauð að meginmarkmiðum þess að efla kristna trú og vekja heilbrigðisstarfsfólk til vitundar um andlegar og trúarlegar þarfir sjúklinga og fjölskyldna þeirra. Vigdís ásamt fleiri frumkvöðlum í KFH vann af miklum krafti og köllun í því skyni að efla andlega og trúarlega þjónustu og stuðning við fólk sem stendur frammi fyrir áföllum og veikindum í lífinu. Þessi sýn þeirra á manneskjuna byggðist á kristnum mannskilningi sem leggur áherslu á heildarsýn á manneskjuna og mikilvægi þess að mæta mismunandi þörfum hennar. Vigdís gerði sér grein fyrir nauðsyn þess að hlúa að manneskjunnar á þennan hátt og lagði sig fram um að vinna þessari hugsun brautargengi í öllu sínu lífi og starfi. Hún var valin til ábyrgðarmikilla starfa á sviði hjúkrunar

og til forystu í heilbrigðisþjónustu. Þar mörkuðu hæfileikar hennar, þekking í hjúkrun og kristin lífssýn spor hennar. Sem hjúkrunarfræðingur, stjórnandi og leiðtogi mætti hún samstarfsfólki sínu með virðingu, umhyggju og það að leiðarljósi að virkja krafta hvers og eins og hvetja til góðra verka. Þjónusta Jesú Krists var fyrirmynd að þeirri nálgun sem hún leitaðist við að temja sér í öllum sínum verkum.

Vigdís var einstök kona. Hún átti auðvelt með að miðla hugsjónum sínum og hafði með því sterk áhrif á okkur sem störfuðum með henni í KFH. Hún hafði mikla leiðtogahæfileika, var staðföst en um leið hlý og kærleiksrík. Bænin var veigamikill þáttur í lífi hennar. Í gegnum bænina og iðkun trúarinnar fékk hún sína andlegu næringu sem gerði henni kleift að sinna sínum störfum og koma svo miklu til leiðar á lífsleið sinni. Bænin var farvegurinn og í bæn tókst hún á við verkefni í KFH sem og á öðrum vettvangi. Hún bað fyrir okkur félagssystkinum sínum í KFH á sama hátt og hún bað fyrir fjölskyldu sinni, þeim sem henni voru kærastir, sjúklingum, samferða- og samstarfsfólki. Hún fann hvernig bænin leiddi hana, hvernig leiðir opnuðust og samskipti urðu árangursríkari og ánægjulegri.

Við félagssystkini Vigdísar vorum öll meðvituð um alvarleg veikindi hennar síðustu ár og þökkum hvern dag sem við fengum að njóta starfskrafta og nærveru hennar. Nú eru þeir liðnu dagar það sem við varðveitum í minningum okkar. Við þökkum Guði fyrir dagana alla sem Hann gaf okkur með Vigdís. Þökkum Honum fyrir að hafa gefið okkur hana sem vinkonu, samferðakonu og félagssystur í starfi KFH.

Við lútum höfði í bæn og beiðni og þakkargjörð til Guðs fyrir Vigdís Magnúsdóttur. Fyrir hönd Kristilegs félags heilbrigðisstétta,

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir,
formaður.

Dýrðlegast nafn, sem er nefnt hér á jörð

Sálmurinn *Dýrðlegast nafn, sem er nefnt hér á jörð* var einn af uppáhalds-sálmum Vigdísar Magnúsdóttur og var fluttur við útför hennar sem var gerð frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 7. maí 2009. Björg Þórhallsdóttir söngkona flutti sálminn við útförina og er hann birtur hér í minningu Vigdísar.

Dýrðlegast nafn,
sem er nefnt hér á jörð:
Jesús, Jesús.

Trúuðum safnar í hólpinna hjörð
Jesús, Jesús.

Það hefur styrkt mig í þrautanna dal,
Það hefur glatt mig í hátíðasal.
Duga mér einnig í dauðanum skal.
Jesús, Jesús.

Þegar til hvíldar ég halla mér rótt,
Jesús, Jesús.

erum við saman þá einir um nótt,
Jesús, Jesús.

Þá verða smávaxin þrekvirkir mín,
þá verða stórvikin lítil að sýn.

Vonlaus og máttvana verð ég án þín,
Jesús, Jesús.

Bergmál að utan nú berast til mín,
Jesús, Jesús.

Minningar birtast í sorglegri sýn,
Jesús, Jesús.

Hjarta mitt titrar og höfuð er sveitt,
húmsvört er nóttin og auga mitt þreytt.

Hvísla þá nafnið, sem náð hefur veitt:
Jesús, Jesús.

Hvísla þá að mér í blundinum blítt,
Jesús, Jesús.

Hvísla því aftur og aftur á nýtt,
Jesús, Jesús.

Hrekur það andstyggð og illsku á braut,
óttanum hrindir og sigrast á þraut.

Höfðinu síðast ég halla' í þitt skaut,
Jesús, Jesús.

Hjalmar Hanson.

Magnús Runólfsson, Ida Mathiesen.

Margrét Hróbjartsdóttir,
hjúkrunarfræðingur og kristniboði.

Samskipti og samfélag við Guð og menn

„Ó, að orðin af munni mínum yrðu þér þóknanleg og hugsanir hjarta míns kæmu fram fyrir auglit þitt, þú Drottinn, hellubjarg mitt og frelsari. Sálm. 19.15

Samskipti við fólk yfirleitt og þá ekki síst við sjúklinga og aðstandendur þeirra, byggja á trúar- og kærleikssambandi við Guð.

Allstaðar, hvar sem við erum í heiminum, mætum við fólki sem er þurfandi og leitandi, áhyggjufullt, sárt, biturt, sjúkt, einmana og fátækt. Hver einasti einstaklingur er óendanlega dýrmætur fyrir Guði og á að vera fyrir okkur líka sem trúum á Hann og hjálpræðisverk Hans í Jesú Kristi, frelsari okkar og Drottinn.

Á þessum grunni hef ég staðið í öllu lífi og starfi. Oft hefi ég brugðist, en Hann Drottinn minn hefur aldrei brugðist. Alltaf hefi ég mátt koma að fótiskör Hans og þiggja náð Hans og fyrirgefningu og nýjan styrk til starfa og þjónustu fyrir náunga minn, hvort heldur var á Íslandi, Noregi, Eþíopíu eða Senegal. Allstaðar gekk Hann á

undan og undirbjó samskipti mín við alla, sem á vegi mínum urðu.

Oft vantaði mig orðin til að tjá mig á þeirra tungumáli - en mál kærleikans skilja allir, það opnar hjörtu og Guð gefur náðarstrauma blessunar sinnar inn í samskiptin. Við hjónin fórum í fyrsta sinn til Konsó í SV Eþíopíu árið 1957. Þar var þá/Pá var þar allt mjög frumstætt eins og við myndum orða það, en sjálfri fannst mér ég vera komin heim. Fyrstu samskipti mín voru við konurnar og börnin. Ekkert vatn var á staðnum, svo við urðum að kaupa vatn af Konsókonunum, sem fóru langt niður í dalinn þar sem vatn var að finna. Þær urðu að ausa því upp í stór grasker, sem þær báru á tágagrindum á bakinu. Það var mjög löng leið upp allar brekkurnar með þunga byrði á bakinu og í heitu loftslagi - en þær voru vanar þessu frá blautu barnsbeini. Vatnið sem þær færðu okkur var skítugt og illa lyktandi og urðum við að sjóða hvern dropa, sem við neyttum. Engu að síður var það vatn, sem við gátum ekki án verið til að halda lífi.

Fyrsta setningin sem ég lærði á amkarísku var: „mig vantar vatn og „mig vantar meira vatn. Þetta skildu þær þó ekki væri á þeirra eigin máli, konsómálinu. Þessi fyrstu samskipti okkar voru mjög mikilvæg og lögðu grunn að kærleikssamfélagi sem lifir og nærast fram á þennan dag. Ég kynntist þeim betur og betur og þráði að færa þeim hið lifandi vatn, sem Jesú Kristur einn getur gefið mannlegu hjarta. Ég kynntist innviðum lífs þeirra, baráttu, neyð, striti nótt sem nýtan dag, barnsburðum, barnslátum, sorgum þeirra og gleði - ég sá þær koma að hinni lifandi lind og fagna í trúnni á Drottinn Jesú. Ég fékk náð til að taka á móti þeim fyrstu, sem byrjuðu í skóla hjá okkur og fleiri og fleiri bættust í hópinn. Ég ber djúpa virðingu fyrir Konsókonunni og þykir vænt um hana sem mína eigin systur.

Börnin voru allsstaðar. Þau voru forvitin og svolítið feimin til að byrja með. Þeim fannst við vera mjög skrýtin, en sum áráddu að nálgast mig og snerta húð mína og hár. Þau voru undrandi og spyrjandi á svipinn, en hlógu svo og fóru til hinna til að segja þeim frá. Í kjölfarið komu þau fleiri til að athuga þessa undarlegu manneskju. En brátt gleymdu þau húðlitnum og komu í trú og trausti. Þau fengu að heyra um Jesúm, sem elskaði þau, þau byrjuðu í skólanum, fyrst drengirnir og seinna stúlurnar. Þau komu með foreldrum sínum á sjúkrahúsið okkar þegar veikindi steðjuðu að sem mjög oft var og þau voru daglegir vinir okkar.

Samskipti við fólk yfirleitt, sama hvers þjóðernis, litarháttar, þjóðfélagsstöðu eða lífnaðarháttar það er og þá ekki síst við sjúka og bágstadda, byggja á viðmóti



Margrét að störfum í Eþíopíu.

Framhald á bls. 9

Sigfinnur Þorleifsson,
sjúkrahúsprestur LSH

Sjúkur var ég og þér vitjuðuð mín

Þessi orð Lausnarans (Mt 25) eru leiðarljós ótal margra sem starfa á sjúkrastofnunum. Þau eru í senn alvarleg hvatning og ljúf köllun öllum þeim sem vilja láta anda læknisins og lífgjafans frá Nazaret móta dagfar sitt og breytni. Það er eftirtektarvert í allri nálgun Jesú Krists að hann samsamar sig þeim sem þurfa á hjálp að halda. Sjúkur var ég segir hann og stígur skrefinu nær öllum þeim sem brestur þrótt á einn eða annan hátt svo lengra verður ekki komist.

Læknir sem lærði og starfaði í erlendri stórborg sagði mér heim kominn að yfir aðalinngangi háskólasjúkrahúsins, sem var náms- og starfsveitvangur hans þar ytra, hafi staðið þessi yfirskrift: Sjúkur var ég og þér vitjuðuð mín. „Í hvert eitt sinn og ég mætti til starfa leiddi ég hugann að því í hvers nafni ég væri að vinna verk mín og það gaf mér aukinn þrótt og starfsgleði“ sagði þessi ágæti maður.

Í hvers nafni störfum við? Hvað er það sem gefur okkur kraftinn til að lifa? Til hvers erum við? Þessar spurningar hafa fylgt manningum frá öndverðu. Þær eru bornar upp á síðum helgrar bókar undir formerkjum sem sumum kann að virðast framandi í dag. Meistari hvað á ég að gera til að eignast eilíft líf? Þannig spurði lögvitringur nokkur Frelsarann og Kristur beindi sjónum þessa lærða manns inn á við eins og hans var vani. Hvernig lest þú? og hann svaraði með því sem við köllum alla jafna tvöfalda kærleiksboðorðið, það er boðorðið um elskuna til Guðs og manns, um óþrjótandi lind kærleikans og sjálfsvirðinguna sem leiðir óhjákvæmilega til þess að við virðum alla aðra. Sjúkur var ég og þér vitjuðuð mín. Að elska náungann eins og sjálfan sig. Hver er þá náungi minn, spyr lögvitringurinn? Hver er elsku verður spyrjum við? Kristur svarar okkur með



Sigfinnur Þorleifsson

sögunni af miskunnsama Samverjanum (Lk 10). Hún er grundvöllur alls þess sem okkur er ætlað að vera og gera. Lögvitringurinn spyr um eilífa lífið, hann spyr um veginn sem liggur til himna. Sá vegur reynist vera honum nær en hann hugði. Það er vegurinn á milli Jerúsalem og Jeríkó. Það er vegurinn sem við göngum á hér og nú. Það er sjálfur lífsvegurinn. Við sjúkrabeðið, andspænis örbirgð þriðja heimsins, í fangaklefanum, í samskiptunum við þá sem standa okkur næst, heima við og á vinnustaðnum. Þar sem við erum, lifum og störfum, þar mætum við náunga okkar, þó sérstaklega þar sem okkar er þörf. Sjúkur var ég og þér vitjuðuð mín. Hvert eitt sinn er þér gerðuð þetta einum minna minnstu bræðra þá gerðuð þið mér það, segir Kristur (Mt 25). Kristur er alls staðar þar sem þörfin er brýnust, í þjáðum augum sjáum við augnaráð hans og það sem er mest og mikilvægast: hann fylgir okkur í því sem við gerum þegar við leggjum lífinu lið og vinnum ljóssins verk. Þegar við hlýðum hvatningunni og förum og gjörum slíkt hið sama þá erum við í fylgd hans sem er miskunnsami Samverjinn okkar allra.

Það er oft á ögurstundum sem sýn okkar skerpist á allt það sem mestu varðar. Á krepputímum þegar við erum aðþrengd á alla vegu. Þegar mest er misst eða þá mest er þegið. Við dánarbeið, á stund fæðingarinnar. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrrverandi utanríkisráðherra skrifar í minningargrein um náinn samstarfsmann, ráðuneytisstjórn Grétar Má Sigurðsson sem lést fyrir stuttu langt um aldur fram: „Þegar Grétar veiktist fyrir rúmu ári og ég skömmu síðar kynntist ég nýrri hlið á honum. Á löngum gönguferðum okkar ræddum við allt milli himins og jarðar, ekki síst mikilvægi þess að lifa heilbrigðu og kærleiksríku lífi. Grétar var trúaður og sannfærður um mátt bænarinnar og oft töluðum við um þau áhrif sem hugarorkan hefur á líðan og heilsu einstaklinga og samfélags“. Svo mörg voru þau orð. Mikilvægi kærleikans og áhrifamáttur bænarinnar. Þetta tvennt rýrnar ekki þótt krónan okkar gangi undir nauð og missi verðgildi sitt. Hin sönnu verðmæti eru m.a. fólgin í viskunni sem er ávöxtur reynslunnar og hæfir lífinu. Þó margt kunni að missa merkingu sína og ljóma þá er alltaf tilgangsríkt að elska Guð og náungann eins og sjálfan sig.

Áhrifamáttur hugsunarinnar er mikill, jákvæður jafnt sem neikvæður. Hér fylgja að lokum tvær örmyndir sem lýsa þessu. Opinn og trúrækinn geðlæknir sagði mér frá litlu atviki sem tjáir mátt bænarinnar og kímni Guðs. Hún var á leiðinni í vinnu á köldum vetrarmorgni. Það kyngdi niður snjó og ekki vildi betur til þegar hún ók Bergstaðarstræti að hún missti sjónar á veginum og bíllinn lenti utan vegar og komst hvorki lönd né strönd, pikkfastur. Nú voru góð ráð dýr.

Framhald á bls. 11

Dr. Sigrún Gunnarsdóttir
hjúkrunarfræðingur og lektor Háskóla Íslands.

Þjónandi forysta og samskipti í heilbrigðisþjónustunni

Þjónandi forysta (á ensku servant leadership) er hugsjón og samskiptaðferð sem einkennist af hógværð, staðfestu, umhyggju og sjálföryggi. Þetta er lífsstíll og árangursrík aðferð fyrir hvern sem er, hvar sem er. Hugsjón þjónandi forystu er hugsjón kristinna og hugmyndin hentar einkar vel í heilbrigðisþjónustu.

Hér verður leitast við að gera grein fyrir hugmyndinni með hliðsjón af kenningum Robert Greenleaf (1970) og Kent M. Keith (2008) og rætt um hvernig þjónandi forysta birtist í samskiptum í heilbrigðisþjónustu. Til að skýra málið enn frekar er vitnað til orða Vigdísar Magnúsdóttur fyrrverandi forstjóra Landspítala (1931-2009) sem er fyrirmynd um þjónandi forystu hér á landi.

Afstaða til sjálfs sín og annarra

Flest rit um þjónandi forystu byggja á ritum upphafsmannsins Robert Greenleaf. Hjá Greenleaf má sjá tíu þætti sem einkenna þjónandi forystu; virk hlustun, hluttekning, græðari, meðvitund, sannfæring, hugmyndaafli, framsýni, bústjórn, skuldbinding, að stuðla að þroska og framförum einstaklinga og samfélagskennd (Spears, 2004). Kent M. Keith (2008) setur fram sjö lykilhugtök sem lýsa viðhorfum og áherslum þjónandi leiðtoga. Eins og sjá má á mynd 1 eru hugtökin í fyrsta lagi um viðhorf til sjálfs sín og persónulegan styrk (sjálfsvitund), í öðrum lagi fjalla hugtökin um viðhorf og breytni gagnvart öðrum (hlustun, þroska samferðafólks, leiðbeina en ekki stjórna, laða fram orku og vitsmuni annarra) og í þriðja lagi eru hugtökin um afstöðu til viðfangsefna (breyta pýramída, framsýni).

Starfsfólk í heilbrigðisþjónustu þjónar fólki á viðkvæmum stundum og mætir skjól-



Sigrún Gunnarsdóttir

stæðingum af umhyggju og trausti. Starfið sjálft byggir á þjónustu og þess vegna liggur svo vel við að allt skipulag, samskipti, stjórnun og forysta byggja á sömu hugsjón. Þjónandi forysta er mikilvæg fyrir starfsfólk og skjólstæðinga heilbrigðisþjónustunnar og varpar nýju ljósi á hvaða þættir skipta þar mestu máli. Það kemur því ekki á óvart að lykilþættir þjónandi forystu falli að niðurstöðum rannsókna um gæði þjónustu og starfsánægju í heilbrigðisþjónustu. Til dæmis hefur komið í ljós að heilbrigðisstarfsfólk metur inntak starfsins sem dýrmætasta þátt starfa sinna, þ.e. samskiptin við skjólstæðinga, fjölskyldur og samstarfsfólk. Vissan um að vera öðrum til gagns skapar starfsgleði og aukinn þrótt. Viðurkenning á þessu mikilvæga hlutverki kemur frá skjólstæðingum, samstarfsfólki og stjórnendum og endurnýjar starfsorku og hvetur til dáða (Sigrún Gunnarsdóttir, 2006).

Einlægur vilji til að þjóna er grundvöllur þjónandi forystu. Þessi afstaða hefur áhrif á samskipti, orðaval, verklag, skilgreiningu

valds, skipulag og framtíðarsýn. Þjónandi forysta verður til vegna hógværrar afstöðu til sjálfs sín, umhyggju til annarra og ekki síst vegna ábyrgðar gagnvart verkefnum og samferðafólki. Talað er um að sleppa takinu af eigin sjálfi („let go of ego“) og gefa öllum tækifæri til að njóta sín. Þjónandi leiðtogi býr yfir staðfestu og hæfileika til að útskýra, leiðbeina og sannfæra. Slíkur leiðtogi tekur sjálfan sig hæfilega alvarlega og leggur áherslu á samstarf jafningja og kys að tala um starfsfólk í stað yfirmanna og undirmanna.

Sjálfspæking sem grundvöllur

Samkvæmt líkani Kent M Keith (sjá mynd 1) er sjálfsvitund einn af grunnþáttum þjónandi forystu og góðra samskipta. Sjálfsvitun snýst um vitund um styrkleika og veikleika, markmið og hugsjónir og áhrif eigin orða og athafna. Robert Greenleaf taldi vitund um eigin markmið og hugsjón vera lykil að árangri einstaklinga og fyrirtækja (Robert Greenleaf, 1978).

Vigdís Magnúsdóttir (1931-2009) fyrrum forstjóri Landspítala og ein af frumkvöðlum KFH er í hópi þjónandi leiðtoga hér á landi. Vigdís hélt erindi um þjónandi forystu á félagsfundum KFH þann 24. nóvember 2008. Hún fjallaði þar meðal annars um mikilvægi sjálfspækingar fyrir þjónandi leiðtoga og sagði:

Fyrir stjórnandann er það sérstaklega mikilvægt að þekkja sjálfa sig. Þegar ég var við stjórnunarnámi í Noregi 1972 skrifaði ég ritgerð um þennan þátt stjórnunar. Þar studdist ég við marga fræðimenn, t.d. Peter Drucker. Hann lagði áherslu á að við töluðum ekki um undirmenn og yfirmenn heldur samstarfsmenn. Í þessu samhengi skiptir líka miklu máli að þekkja sjálfa sig,

kosti sína og galla og halda í heiðri hið forna gríska boð Sókratesar: Þekktu sjálfa þig og hið fornkveðna: Vertu sjálfri þér trú. Að þekkja sjálfa sig er mikilvægt fyrir stjórnanda til að geta stjórnað sjálfri sér og starfi sínu. Þetta kallaði ég á norsku í ritgerðinni: *Self-administration*. Það kostar uppgjör við sjálfa sig en það er þess virði að fara í gegnum það til að styrkja sig sjálfa. Enginn getur gengið út frá því að hann þekki sjálfan sig út og inn. Jesú talar um að sjá flísina í auga náungans án þess að við vitum að við erum sjálf með bjálka í auga okkar (Matt, 7.3.). Sjálfsþekking getur verið svo óraunhæf og yfirborðskennnd. En við verðum sjálf að trúa því að það er mögulegt að þekkja sjálfa sig og það er nauðsynlegt til þess að okkur auðnist að lifa góðu lífi. Allt sem er sannleikur styrkir, sannleikur um sjálf okkur eða aðra er ekki blekking. Hvernig tekst okkur að fá góða og rétta sýn á okkar innri mann? Í ritgerðinni vitnaði ég í orð Artur T. Jersild sem segir að til þess að öðlast sjálfsþekkingu þurfum við að vera auðmjúk og viðurkenna það sem við komum auga á. Við þurfum að læra af reynslu okkar, gleði og sorgum og að skilja tilfinningar okkar. Hann segir ennfremur að besta tækifærið til að þekkja sjálfa sig er í gegnum samveru með öðrum. (Vigdís Magnúsdóttir, 24. nóvember 2008).

Ígrundun og þjálfun styrkja sjálfsvitund og færni í þjónandi forystu. Í orðum sínum leggur Vigdís ríka áherslu á stöðugan lærdóm og bendir á að vera opin fyrir því sem reynslan kennir okkur og að vera auðmjúk gagnvart þeim lærdómi.

Ver reiðubúinn til að hlusta á aðra en hugsa þig vel um áður en þú svarar (Síraksbók 5, 11).

Hlusta á hugmyndir annarra

Einlægur áhugi á velferð annarra er grunnstef þjónandi forystu. Áhuginn birtist t.d. í góðri hlustun og vilja til að kynnast

Bænin í þjónandi forystu

Ég bað alltaf fyrir samstarfsfólki mínu og var þess aðnjótandi að finna einstakan kærleika frá þessu starfsfólki og samstarfi mínu við það. Guð gefur okkur fyrirheit og lausnir við dagleg viðfangsefni. Í starfi mínu á Landspítalanum fann ég að með bæn varð allt samstarf við hinar ýmsu stéttir ánægjulegra og árangursríkara. Áður en þeir kalla, mun ég svara, og áður en þeir hafa orðinu sleppt, mun ég bænheyra. Jes. 65: 24. (Vigdís Magnúsdóttir, 24. nóvember 2008).

hugmyndum annarra. Samkvæmt Kent M. Keith (2008) er hlustun einn af sjö lykilþáttum þjónandi forystu (sjá mynd 1). Góð hlustun er uppörvandi og kemur af stað flæði hugmynda og nýrra möguleika. Með því að hlusta tengjumst við hugmyndum viðmælanda okkar. Að hlusta af alúð og einbeitingu, leiðbeina og styðja eru jafnframt grundvallaratriði. En þetta er hreint ekki einfalt. Þolinmæðin er oft lítil og tilhneiging að rjúfa frásögn, grípa inn í með svar eða athugasemd eins fljótt og kostur er. Svona lýsing getur átt við um samtöl við sjúklinga, aðstandendur eða samstarfsfólk, þolinmæðin að þessu leyti getur mælist í sekúndum. Hins vegar birtist vilji til þjónustu í góðri hlustun sem aftur skapar velliðan viðmælanda, eykur traust og leiðir til sköpunar og lærdóms. Góð hlustun endurspeglar hógværð og öryggi í eigin skinni. Vigdís Magnúsdóttir lagði áherslu á þessa þætti í áður nefndu erindi sínu og dró fram mikilvægi þess að virða hugmyndir annarra, jafnvel þó við værum þeim ekki fylgjandi:

Leiðtogi sem er viljugur að taka ábyrgð og samþykkja samstarfsfólk á auðveldara með að skapa áhugavert umhverfi. Ásamt tæknilegri og fjárhagslegri ábyrgð er mannlegi þátturinn sá mikilvægasti. Maður er sjálfur ekki með allan sannleikann. Ég er ekki yfir aðra hafin. Í hvaða stöðu sem er, eigum við ekki að reyna að vera meira en við erum. Hvernig tekst manni að vinna úr málum og að hlusta á aðra? Það er mikið atriði að vilja hlusta á hugmyndir annarra jafnvel þó maður sé ekki sammála þeim. Allir eiga rétt á að hafa sínar hugmyndir. Virðing fyrir samstarfsmanninum skiptir miklu máli og að vera fús til að biðja fyrirgefningar. Það er mikilvægt að biðja fyrir samstarfsfólki sínu og

þeim verkefnum sem þarf að leysa (Vigdís Magnúsdóttir, 24. nóvember 2008).

Mæta þörfum og laða fram hæfileika annarra

Heilbrigðisþjónusta snýst um að mæta þörfum sjúklinga. Grunnstef þjónandi forystu er að mæta þörfum starfsfólks og laða fram hæfileika þeirra til góðra verka. Til að laða fram krafta og hæfileika annarra er vald notað á uppbyggilegan og réttlátan hátt. Robert Greenleaf benti á þrjár tegundir valds en sagði aðeins eina þeirra vera til gagns í þjónandi forystu en það væri sannfæringarkrafturinn (á ensku persuasion as power). Hann varar hins vegar við notkun hinna tegundanna sem eru þvingandi vald (á ensku coercive power) og stýrandi vald (á ensku manipulation power). Með því að nota sannfæringarkraft er viðurkennt í verki að fólk hefur sjálfstæði til að ígrunda og draga eigin ályktanir. Með sannfæringarkrafti verður til vald hjá báðum viðmælendum (Greenleaf, 1978).

Þjónusta birtist í viðmóti, framkomu og aðferðum sem allt byggir fyrst og fremst á lífssýn og afstöðu til verkefna og starfa. Þjónandi leiðtogar njóta trausts vegna þess að fólk treystir þeim til að beita valdi sínu öllum til góða. Þjónandi leiðtogar hafa ekki áhyggjur af stöðu eða mannvirðingum, safna ekki valdi en athygli og orka fara í verkefnin sjálf. Markmiðið er hagur heildarinnar.

Þjónandi forystu varpar nýju ljósi á hugmyndir okkar um leiðtoga og góð samskipti. Leiðtogar mynda tengsl, hvetja og taka þátt í samtali um tilgang starfsins og framtíðina. Leiðtogar kveikja í fólki löngun til að standa sig vel. Við höfum öll hlutverk leiðtogans, hvort sem við erum ráðin

til þess sérstaklega eða ekki. Þess vegna er mikilvægt að velta fyrir sér hugmyndum um forystu og hvernig má samræma vilja okkar til að þjóna og veita hvort öðru forystu með ábyrgð, staðfestu, hógvæð og kærleika. Þjónandi forysta byggir á grunnildum kristinnar lífsskoðunar og er þess vegna svo dýrmæt til grundvallar skipulagi, stjórnun og samskiptum í heilbrigðisþjónustunni.

Helstu heimildir:

Greenleaf, R. (1970 / 2008). *The Servant as Leader*. Westfield: The Greenleaf Center for Servant Leadership.

Greenleaf, R. (1978). *The Leadership Crisis*. Westfield: The Greenleaf Center for Servant Leadership.

Keith, K. M. (2008). *The Case of Servant Leadership*. Westfield: The Greenleaf Center for Servant Leadership.

Sigrún Gunnarsdóttir (2006). *Quality of working life and quality of care*: Reykjavík: Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði, Háskóli Íslands.

Upphafsmáður þjónandi forystu í samtíma

Robert K. Greenleaf (1904 – 1990) er upphafsmáður hugmynda um þjónandi forystu í samtíma og skrifaði að bestu leiðtogarnir búi fyrst og fremst yfir hæfileikum til að þjóna (Greenleaf, 1970 / 2008) og segir enn fremur:

Þjónandi leiðtogi er í fyrsta lagi þjónn. ... Byrjunin er eðlislæg tilfinning um að vilja þjóna. Síðar leiðir meðvitun ákvörðun viðkomandi til forystu. Slíkur einstaklingur er ólíkur þeim sem er fyrst leiðtogi. ... Besti prófsteininn á þetta, og jafnframt sá þingsti er: Vaxa þau sem er þjónað sem einstaklingar? Verða þau heilsuhaustari? Fá þau meiri vísu, frelsi og sjálfstæði? Verða þau sjálf líklegri til að vera þjónandi leiðtogar? (Greenleaf, 1970 / 2008, bls. 15).

Mynd 1: Lykilhugtök þjónandi forystu samkvæmt Kent M. Keith, 2008*

	Stoðir þjónandi forystu*	Lýsing
1	Sjálfsvitund <i>Self-Awareness</i>	Þekkja eigin styrkleika og veikleika. Vitund um áhrif orða og athafna á líðan og störf annarra.
2	Hlustun <i>Listening</i>	Hlusta af alúð augliti til auglitis. Taka eftir fólki. Eiga samtöl við fólk. Meðtaka hugmyndir annarra.
3	Breyta píramídanum <i>Changing The Pyramid</i>	Teymi veita forystu. Fólk styður hvort annað við forystu og stjórnun. Leiðtogi er fremstur meðal jafningja (<i>primus inter pares</i>).
4	Prosa samstarfsfólks <i>Developing Your Colleagues</i>	Hjálpa fólki að njóta hæfileika sinna. Hjálpa samstarfsfólki að vaxa persónulega og faglega.
5	Leiðbeina, ekki stjórna <i>Coaching. Not controlling</i>	Veita leiðsögn og ráð. Virða frelsi annarra. Forðast fyrirskipanir.
6	Laða fram orku og vitsmuni annarra <i>Unleashing The Energy and Intelligence of Others</i>	Skapa traust og viðurkenna hæfileika annarra. Gerast þjónar og leiðbeinendur. Vinna með starfsfólki og leyfa þeim að njóta eigin getu og að taka þátt í ákvörðunum.
7	Að sjá fram á veginn <i>Foresight</i>	Innsæi og sýn á hvernig hið líða og nútíðin segir okkur til um framtíð. Nota allt í senn (ekki aðskilið): sagnfræði, greiningu og forspá.

*Kent M. Keith (2008). *The Case For Servant Leadership*. Westfield: Greenleaf Center for Servant Leadership, bls. 31 – 52.

Margrét Hróbjartsdóttir – Framhald greinar á bls. 5

okkar og virðingu fyrir hverjum einstaklingi. Viðkomandi finnur undireins hvað að honum snýr, jafnvel þótt ekkert orð sé talað. Þegar ég stend við sjúkrað eða hjá manneskju, sem er í sorg og neyð, er ég í hjóðri bæn um leiðsögn Drottins og hjálp hans og blessun yfir hina þjáðu manneskju.

Í sjúkra- og hjúkrunarstarfi mínu í Afríku vissi ég ekki alltaf hvað ég átti að gera til að bjarga lífi sjúklingsins. En Guð vissi það og leiddi mig til að gera hið rétta. Kærleikur og máttur Guðs var að verki og dýrðin og þakkargjörðin er Hans.

Hér á Íslandi er allur aðbúnaður á sjúkra- stofnunum og mannaflí meiri en í Afríku,



að minnsta kosti þar sem ég þekki til. En sömu viðhorf gagnvart manneskjuni, hvar sem hún er og hver sem hún er, eiga við. Við erum öll manneskjur sköpuð í Guðs mynd með sömu grundvallarþarfir og þrár.

Orð Jesú í Mattheusarguðspjalli 7.12, leggja grundvöllinn að starfsáætlun okkar og framkvæmd. Hún hljóðar svona: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra. Jesú sagði líka: „Elska skaltu Drottinn Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð“. Annað er þessu líkt: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.

Vigdís Magnúsdóttir og Dr. Sigrún Gunnarsdóttir

Kristilegt félag hjúkrunarkvenna

1953–1962

Vigdís Magnúsdóttir birti í síðasta tímariti KFH fyrsta hluta sögu félagsins. Vigdís vann s.l. vetur að því að taka saman seinni hluta sögunnar í samvinnu við Sigrúnu Gunnarsdóttur. Við fráfall Vigdísar í apríl á þessu ári tók Sigrún við verkinu og fullgerði frásögn Vigdísar á sögu KFH á árunum 1953 til 1962.

Starf Kristilegs félags hjúkrunarkvenna hélt áfram fyrstu árin með svipuðu sniði og samkvæmt takmarki félagsins um að sameina trúaðar hjúkrunarkonur og hjúkrunarnema til að styrkja og glæða trúarlíf þeirra (úr lögum Kristilegs félags hjúkrunarkvenna, samþykkt 15. október 1952). Með því að ná til hjúkrunarkvenna með boðskap Krists var unnið með þeim að því að gera þær hæfari til að sinna andlegum þörfum sjúklinga.

Vikulegir félagsfundir

Fyrstu árin voru félagsfundir haldnir



Hjúkrunarnemar árið 1955.

oft vikulega og voru flestir fundir ætlaðir félagskonum en stundum var gestum boðið á fundina. Auk félagsfunda voru sambænastundir, oft í heimahúsum en einnig í bænaherbergi KFUM og KFUK við Amtmannsstíg. Á félagsfundum voru fluttar hugvekjur, sagt frá ýmsu í trúarlífi félagskvenna, s.s. bænheyrslu, kristilegum mótum og vitnisburðum. Vitnisburðir eru okkur öllum til blessunar og með vitnisburði verðum við eins og meira sameinaðar.

Á félagsfundi 21. mars 1953 var í fyrsta skipti tekið á móti samskotum í félagssjóð KFH, og segir í fundargerð: „...“, og komu um kr. 35.00. Tíu félagskonur voru á fundi“. Á fyrsta aðalfundi félagsins, 2. október 1953 var rætt um félagssjóð og samþykkt að árgjald væri „ekkert ákveðið, en á hverjum fundi séu lagðar fram frjálssar gjafir“. Þá er einnig greint frá því í aðalfundargerð að félaginu hafi borist gjöf og gjöfinni hafi fylgt orð úr Gal. 5.22: „En ávöxtur andans er: kærleikur, gleði,

friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð, bindindi. Ennfremur Hebr. 13.21.: - hann fullkomni yður í öllu góðu, til að gjöra vilja hans, og komi því til leiðar í oss, sem þóknlegt er í hans augum, fyrir Jesúm Krist. Honum sé dýrð um aldir alda. Amen.“

Kvöldvökur með hjúkrunarnemum

Við og við voru haldnir útbreiðslufundir og nokkrum sinnum kvöldvökur þar sem hjúkrunarkonur og hjúkrunarnemur var boðið sérstaklega. Þessar samkomur voru í dagstofu hjúkrunarnema á þriðju hæð á Landspítalanum á þvergangi þar sem hjúkrunarnemarnir bjuggu á heimavist sinni. Á kvöldvökunum voru söngvar, sambænastundir og lesið Guðs orð. Ein af félagskonunum lék á hljóðfæri undir söngnum og oft sungu hjúkrunarnemar á þessum kvöldvökum. Stundum voru hjúkrunarnemar með frásögur og einhvern var fenginn til að tala og hafa hugleiðingu, til dæmis um kristlegt starf erlendis. Félagskonur buðu veitingar á þessum fundum, oftast ávexti.

Samstarf við KFUM og KFUK

Margar félagskonur störfuðu með KFUK og voru af og til beðnar um að vera með efni þar á fundum. Framlag félagskvenna var til dæmis að fjalla um hjúkrun, störf hjúkrunarkvenna og sérstök verkefni þeirra, t.d. sáraumbúðir. Þetta var gert til að stúlkurnar í KFUK fræddumst um störf hjúkrunarkvenna og efnið gat líka verið þeim gagnlegt. Þessir fundir gengu vel og stúlkunum fannst þetta oft mjög skemmtilegt. Í fundargerðum má sjá að

sumarið 1953 sáu félagskonur KFH um sumarstarfsfund hjá KFUK Samstarfið við KFUK gekk vel og var félagskonum til mikillar ánægju.

Alþjóðlegt samstarf. Heimsóknir

Francis Grim 1957 og 1961

Alþjóðlegt samstarf var eitt af markmiðum félagsins frá upphafi. Félagskonur fylgdu vel með starfi kristniþóða og lögðu sitt af mörkum varðandi undirbúning ferða þeirra eins og fram kom í fyrri grein um sögu félagsins.

Segja má að hápunktur alþjóðlega samstarfsins á þessum árum hafi verið heimsóknir Francis Grim til Íslands árin 1957 og 1961. Francis Grim starfaði í Suður Afríku og kom hingað til lands 2. mars 1957 í tengslum við ferðir sínar til Svíþjóðar og Noregs. Hann dvaldi hér í tíu daga og með honum í för voru listamálarinn J Engela, starfsstúlka kristilegs félags hjúkrunarkvanna í Suður-Afríku, Erasmia Frankagis og formaður kristilegs félags hjúkrunarkvanna í Noregi, Anna Kasein. Francis Grim hélt nokkrar samkomur, t.d. í húsnæði KFUM og KFUK í Reykjavík og í Hafnarfirði, Hjúkrunarvennaskólanum, í Nýja hjúkrunarskólanum, Elliheimilinu Grund og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Á samkomurnar mættu meðal annarra hjúkrunarkonur, hjúkrunarnemar, lækna og læknanemar. Francis Grim talaði, J Engela spilaði á slaghörpu og þeir félagar sungu ýmist einsöng eða tvísöng og auk þeirra komu fram þær Erasmia Frankagis og Anna Kasein. Á samkomunum voru einnig til sýnis og sölu málverk J. Engela og seldar kristilegar bækur og smárit. Auk þessara samkoma tók Francis Grim þátt í bænastundum félagsins þar sem sérstaklega var beðið fyrir starfinu hér á landi. Í framhaldi af heimsókn Francis Grim fóru þær Vigdís Magnúsdóttir og Áslaug Johansen á alþjóða kristilegt mót fyrir hjúkrunarkonur sem haldið var í Hollandi 18. til 24. maí 1957. Þetta var annað mót í röðinni, hið fyrri haldið í Englandi árið áður þar sem stofnað var Alþjóðasamband Kristilegra Hjúkrunarvennafélaga. KFH gekk í sambandið og var boðin þátttaka í mótinu í Hollandi. Ráðstefnan var

fjölmenn og mjög fróðleg. Á ráðstefnunni sungu Vigdís og Áslaug tvísöng og í framhaldinu var birt mynd af þeim í tímariti samtakanna, Heart.

Siðla árs 1960 var ákveðið á fundi KFH að kanna möguleika á því að Francis Grim kæmi aftur í heimsókn til landsins. Þann 17. september 1961 kom hann hingað til lands ásamt tveimur samstarfskonum sínum og dvöldu þau hér í þrjá daga. Gestirnir héldu nokkrar samkomur sem voru mjög vel sóttar, t.d. hjá KFUM og K.F.U.K og í Hjúkrunarvennaskólanum. Í fundargerð 21. september 1961 lýsir ritari félagsins þakklæti félagskvanna fyrir þessa góðu gesti og skrifar: „Við þökkum

góðum gestum fyrir komuna og vonum að heimsókn þeirra megi verða til þess að nýtt líf megi glæðast innra með okkur sjálfum og um leið megi starfið blómgastr Guði til dýrðar.“

Bænin var stoð og stytta

Segja má að hjá frumkvöðlum KFH hafi verið mikil trúfesta og félagskonur áorkuðu miklu að halda lífi í þessu litla félagi. Bænin var stoð og stytta félagskvanna og þær þökkðu bæninni að gefast aldrei upp. Markmiðið var skýrt í huga okkar, að sameina trúaðar hjúkrunarkonur og hjúkrunarnema til að styrkja og glæða trúarlíf þeirra.

Fundargerð KFH árið 1953 – Kynning á kristniþóði

Föstudaginn þ. 20. febrúar var fundur haldinn á heimili Álaugar Johnsen. Hófst hann með því að lesin var kafli úr „Orðinu“ og stuttri bæn. Eftir að hafa sungið nokkra söngva fórum við inn á heimili Ólafs Ólafssonar kristniþóða og sýndi hann okkur kvikmyndir frá Kína, þar á meðal eina af læknaþróboði og sjúkrahúsi. Var mjög fróðlegt og skemmtilegt að kynna þessu starfi dálítið, þótt það væri aðeins í kvikmynd. Vonandi á einhver úr okkar hópi eftir að kynna því af eigin raun. Ólafur endaði samveruna með hugleiðingu og hvatti okkar til þessa að gefa meðbræðrunum orð huggunar og blessunar frá Drottni. Á fundinn mættu 6 félagskonur og 6 utanfélagskonur, þar á meðal fröken Katrín Gísladóttir yfirhjúkrunarkona skurðstofunnar. Samveran var öll mjög ánægjuleg. / María Finnsdóttir, ritari. - Einn meðlimur hefur bætt í hópinn, Vigdís Magnúsdóttir, er hóf nám í febrúar 1953.

Sigfinnur Þorleifsson – Framhald greinar á bls. 6

Þetta var fyrir tíma gemsans og hún treysti sér ekki út í kófið. Það er best að ég biðji Guð um að hjálpa mér hugsaði hún með sér. Það var eins og við manninn mælt, einhver tók til við að yta og það komst hreyfing á bilinn og hann losnaði. Læknirinn skrúfaði niður rúðuna til að þakka fyrir sig. Hver heldurðu að hafi staðið þar móður og mäsandi? Enginn annar en biskupinn yfir Íslandi. Seinni myndin er austan úr Hreppum dregin upp snemma á síðustu öld í byrjun bílaaldar. Ungur drengur, síðar ráðsettur bóndi, var á ferðinni fótgangandi á myrku og blautu haustkvöldi, kaldur og hrakinn. Þegar hann sá bíl nálgast varð

hann mikið feginn og sporióttur hélt hann til móts við komumann sem gerði sér lítið fyrir og hraðaði sér framhjá. Þá óskaði ég þess, sagði þessi vonsvikni maður, að það myndi springa á bilnum. Síðan hélt hann för sinni áfram og gekk fjótlega fram á þennan sama bíl þar sem ökumaðurinn var að bíta við sprunginn hjólbarða. „Ég gerði mér þá grein fyrir áhrifamætti hugsunarinnar“ sagði þessi hógværi og gegnheili drengur „og ég ákvað að héðan í frá skyldi ég einungis hugsa vel til allra manna“. Heyrum við ekki hvatningu Frelsarans í orðum þessa manns: Far þú og gjör slíkt hið sama? Sjúkur var ég og þér vitjuðuð mín.

Bænabæklingur KFH

Höfundar: Jóhann Guðmundsson og Lára Vigfúsdóttir

„Ég hef augu mín til fjallanna,
hvaðan kemur mér hjálp?“

Félagar úr Kristilegu félagi heilbrigðis-
isstétta koman saman á heimili Jóhanns
Guðmundssonar og Láru Vigfúsdóttur til
þess að ræða útgáfu bæklinga með kristi-
legum texta fyrir sjúklinga á sjúkrahúsum
og koma fyrir í náttborðum sjúklinga. Með
bæn félaga og handleiðslu Guðs fundum
við fallega mynd frá Þingvöllum. Mynd-
ina tók Gunnar Hannesson ljósmyndari,
sem þá var látinn en ekkja hans veitti

góðfúslegt leyfi um notkun myndarinnar
endurgjaldslaust. Sr. Karl Sigurbjörns-
son, sem þá var í stjórn félagsins, sá um
val kristilegs texta sem inniheldur meðal
annars huggunarorð ásamt morgun – og
kvöldbænum. Lára Vigfúsdóttir sá um
hönnun og Jóhann Guðmundsson greiddi
fyrstu útgáfu, sem prentuð var hjá prent-
smiðjunni Odda h/f.

Á 30 ára afmælisfundi Kristlegs fé-
lags heilbrigðisstétta sem haldinn var
í Hallgrímskirkju 31. mars 2008 vakti
Jóhann athygli á þessum bæklingi og tilurð
hans. Að beiðni Vigdísar Magnúsdóttur er
þetta rifjað upp hér.

 Eirberg



Viðurkenndar stuðningshlífar

- Veita góðan stuðning
- Vandaður vefnaður með góðri öndun
- Einstök hönnun
- Viðurkennd gæði
- Fjölbreytt úrval

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Rannveig Sigurbjörnsdóttir,
hjúkrunarfræðingur

Bænar Magneu Þorkelsdóttur

Móðir mín Magnea Þorkelsdóttir var von að lesa þessar bænar með okkur systkinunum þegar við vorum háttuð og sátum í náttfötunum þvegin og greidd með spenntar greipar í rúmum okkar. Þetta var heilög stund. Svefnherbergjið var undir súð og öðru hvoru kom geisli sem breiddi úr sér og færðist frá glugganum eftir loftinu, frá einum og einum bíl sem kom akandi niður götuna. En í þá daga var umferðin ekki meiri en svo að gatan var jafnvel leiksvæði barna. Mamma sat á stól við rúm okkar og í minningunni var alltaf birta í kringum hana sem gefur til kynna upplifun barns á hinu sanna ljósi sem upplýsir hvern mann. Við byrjuðum ávallt með signingunni: Í

nafni Guðs, föður, sonar og heilags anda. Amen. Guð geymi mig og varðveiti mig á sálu og lífi þessa nótt (í morgunbænni; þennan dag) og alla tíma í Jesú nafni. Amen. Síðan kom bænin og versin í þeirri röð sem hér birtist. Alltaf í þessari röð en þannig hafði hún lært þau af móður sinni Rannveigu Magnúsdóttur, sem sjálfsagt hefur lært þau af sinni móður. Að lokum kom bæn frá eigin brjósti fyrir vinum og ástvinum. Við skildum kannski ekki öll orðin eða orðasamböndin í bænaversunum en það laukst upp með auknum þroska. Til dæmis. „*Pó ég skáld auðans trekki*“ varð „*Pó ég skál dauðans drekki*“. Systkinin höfðu oft strítt mér með

því að kalla mig skáld, svo það orð var kunnuglegt! Við sofnuðum í friði og værd þess sem býr við öryggi og kærleika sem ekki er hægt að kaupa fyrir peninga en hefur verið sá dýrmætasti fjársjóður sem foreldrar geta gefið barni sínu.

Þessar bænar birtust í fyrsta tölublaði Tímarits KFH árið 1983 að beiðni þáverandi ritstjóra þess dr. Sigríðar Halldórsdóttur prófessors við Háskólann á Akureyri. Ég er hrærð og þakklát fyrir að óskað er eftir að þær verði birtar á ný. Megi hin kröftugu bænarorð þeirra blessa þau sem þeirra vilja njóta og bera þau bænarorð áfram til komandi kynslóða og blessa þau.

Kvöldbænar Magneu

Vertu Guð faðir, faðir minn,
í frelsarans Jesú nafni,
hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni.

Faðir vor...

Kristur minn ég kalla á þig,
komdu að rúmi mínu,
græðarinn Jesús geymdu mig,
Guð í faðmi þínum.

Berðu nú Jesús bænina mína,
blessaður fram fyrir föðurinn þinn,
leggðu mér svo liðsemd þína,
lítur þú á kveinstaf minn
fyrir þitt helga hjartablóð,
heyrðu mig Jesús elskan góð,
þér sé lofgjörð lögð og framin,
lifandi Guð um aldir amen.

Út af leggjast eg vil glaður,
undir þínum hlífðarvæng,
góði Jesú Guð og maður,
geislaðu nú yfir minni sæng,
engla þinna skjaldborg skær,
skelfing öll mér stendur fjær,
halla ég svo höfði mínu,
að hýru náðarskauti þínu.

Í náðarnafni þínu,
nú vil ég sofna Jesús,
bið ég í brjósti mínu,
blessaður hvíli Jesú.
Sveipi svo í klæðum
síns réttlætis Jesús,
mér í mótgangs mæðum
miskunna góði Jesús,
dreyra úr dýpstu æðum
dreyþ þú á mig Jesús.

Jesús minn Jesús, vertu hjá mér Jesús,
vísaðu mér Jesús, veginn í þitt föðurhús,
elskulegasti Jesús.
Jesús kalla ég á þig.
Jesús vitja í svefni um mig,
Jesús hreinsaðu hjarta mitt,

að heiðrað fái ég nafnið þitt.
Himnafaðirinn heyrðu mig,
heyrðu nú hvers ég beiði þig.

Láttu nú ljósið þitt,
loga við rúmið mitt,
hafðu þar sess og sæti
signaði Jesús mæti.

Og þá lífs glasið er,
útrunnið fyrir mér,
þó ég skál dauðans drekki
Drottinn slepptu mér ekki,
fyrir en ég fæ með sanni.
fögnuð í himnaranni.

Kyrrðardagar í Skálholti 2010

Kristlegt félag heilbrigðisstétta hefur átt mjög ánægjulegt samstarf við Skálholtsskóla um kyrrðardaga í Skálholti. Í vetur hefur félagið umsjón með kyrrðardögum dagana 26. til 28. mars undir yfirskriftinni Kyrrð og íhugun. Dagarnir eru öllum opnir en eru einkum ætlaðir þeim sem búa við annríki og álag og vilja staldra við, hvílast og endurnærast. Áhersla er lögð á kristna íhugun, ígrundun um lífsgæði í dagsins önn, slökun og útveru. Bergþóra Baldursdóttir sjúkrapjálfari, Sigríður Hrönn Sigurðardóttir, guð-

fræðingur og hjúkrunarfræðingur og Sigrún Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur leiða dagana.

Kyrrðardagar um þjónandi forystu verða í Skálholti 19. – 21. febrúar 2010. Umsjón hafa Dr. Sigrún Gunnarsdóttir og Ólafur Egilsson, lögfræðingur og fyrrverandi sendiherra.

Sjá nánar á www.skalholti.is

Lilja Þórunn Þorgeirsdóttir,
hjúkrunarfræðingur og ljósmæðranemi



Hugleiðing frá nýjum félaga í KFH

Hjálpa mér að græða sárin hans sem liggur einn við veginn.

Hjálpa mér að þerra tárin þeirra sem að sorgir hrjá.

Hjálpa mér að styrkja veika, glæða lítt logandi kveika.

Hjálpa mér að rækja sjúka þá sem aðrir flýja frá.

Guðni Einarsson

Ég rakst á þennan texta í vor og varð hugsað til orða sr. Sigfinns Þorleifssonar sjúkrahúsprests, um mikilvægi þess að hver einstaklingur varðveiti ljósið innra með sjálfum sér svo hann geti verið öðrum hjálp í erfiðum aðstæðum. Þannig er mikilvægt að hlúa að því sem er manni mikilvægt, svo sem trúin er okkur, svo störf okkar skili árangri skjólstæðingum okkar til heilla. Þegar ég mæti á fundi hjá Kristilegu félagi heilbrigðisstétta endurspeglast bænin í brjósti mér í orðunum hér að ofan. Þar minnst ég þess hvers vegna ég valdi þennan starfsvettvang og bið þess að sú hjúkrun sem ég veiti, sé trú minni góður vitnisburður.



Styrktarsjóður KFH

Styrktarsjóður KFH var stofnaður á vordögum 2009 til minningar um Vigdís Magnúsdóttur, hjúkrunarforstjóra og formann KFH um árabíl. Tilgangur sjóðsins er að styrkja þau málefni sem eru í anda félagsins og í samræmi við lög þess.

Markmið félagsins hefur að jafnaði verið að styðja og efla andlega og trúarlega þjónustu, sálgæslu innan heilbrigðisþjónustunnar og að efla fræðslu fyrir

heilbrigðisstarfsfólks um málefni er varða andlegar og trúarlegar þarfir.

Upplýsingar um sjóðinn og móttaka upplýsinga um framlög til sjóðsins eru á heimasíðu þjónandi forystu (www.thjonandiforysta.is).

Öllum er frjálst að leita til stjórnar félagsins og á vef þjónandi forystu varðandi styrki og minningarkort.

Lágt lyfjaverð gagnast allri þjóðinni!



LYFIS

Traust í lyfjum

Myndir frá afmælishátíð KFH í mars 2008

Í tilefni af 30 ára afmæli félagsins var haldinn sérstakur afmælisfundur 31. mars 2008 í safnaðarsal Hallgrímskirkju. Ávörp fluttu sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður KFH, hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands og Jóhann Guðmundsson félagsmaður í KFH. Laufey Geirlausdóttir, söngkona flutti nokkur einsöngslög við undirleik Gunnars Gunnarssonar, organista og Hildur Björk Svavarsdóttir lék á þverflautu.



Universal platform – all endoscopy options

Comprehensive, versatile and sophisticated:
EVIS EXERA II is the ultimate multi-purpose
endoscopic platform for every application –
surgical and medical.

EVIS EXERA II

Redefine
Endoscopy



With EVIS EXERA II, Olympus is establishing a truly universal platform, providing unprecedented image quality, total compatibility and an array of advanced yet practical functions. EVIS EXERA II is embracing all medical fields where endoscopes are used and is the first platform to introduce the combination of 1080i HDTV and Narrow Band Imaging.

Find out more at: www.olympus-europa.com

OLYMPUS

Your Vision, Our Future

 **inter.**